

## Björgunarafrek í Kelduá 1980

## Út í ískalt, beljandi myrkrið

„Þetta var svakalegt. Vatnið óx svo hratt. Við horfðum á mennina binda sig við þakið á gröfunni, sem var nánast komin á kaf í beljandi strauminn. Við gátum ekkert gert annað en að biða. Það var grenjandi slagveður, rok og rigning, sem kom ofan í mikinn snjó. Það er ekki óvanalegt að það komi flóð í árnar í vorleysingum, en haustflóðin eru verri, ef búið er að snjóa mikið og það hlýnar svo skyndilega.“

Svo segir Einar Axelsson, frá Bessastöðum í Fljótsdal, en hann var einn þeirra sem fylgdust með þeim hildarleik þegar þremur mönnum var bjargað á síðustu stundu af þaki traktorsgröfu þegar Kelduá í Fljótsdal breyttist á nokkrum klukkustundum úr lítilli á í beljandi haf sem náði fjalla á milli.

## Flóð í ógnarham

Þann 31. október 1980 kom asahláka ofan í mikinn snjó, sem fallið hafði á hálandinu norðan Vatnajökuls og niður í byggð í Fljótsdal og víðar á Austurlandi. Vegagerðarmenn á Héraði höfðu vikurnar á undan unnið við upphækkun á Múlavegi. Aðeins var lítils háttar frágangur eftir, meðal annars við flóðgarða við Kelduá. Fyrir hádegi var ljóst að vöxtur var að hlaupa í Kelduána og viðbúið að Jökulsá fylgdi á eftir.



Einar Axelsson

Um klukkan tvö eftir hádegið fóru þeir Guðni Nikulásson, verkstjóri, Eiríkur heitinn Elísson, flokksstjóri, og Magnús Jóhannsson, gröfumaður, á bíl og traktorsgröfu og freistuðu þess að tryggja að flóðið ylli ekki skemmdum á veginum sem nýbúið var að byggja upp. Þetta voru kappar af gamla skólanum sem vildu ekki láta standa upp á sig að reyna ekki til þrautar í hverju verkefni, þótt svo virtist sem við ofurefli væri að etja.

Grafan var Massey Ferguson af stærstu gerð og þótti mikið og öflugt tæki þegar hún kom á Hérað á sínum tíma. Þeir hlóðu upp í nokkur skörd í vegfyllingunni sunnan við brúna á Kelduánni og komu þannig í veg fyrir að vatn næði að renna þar yfir. Þeir fóru síðan aftur norður yfir brúna, en skildu bílinn eftir vegna

þess að vatn var farið að flæða yfir veginn norðan við brúna.

Þeir héldu áfram norður eftir Múlaveginum, þrír í gröfunni, og hugðust komast eftir honum upp á þjóðveginn þar sem hann þverar dalbotninn. Áður en þeir komust þangað komu þeir að sirka 50 metra breiðu flóði þar sem Kelduáin hafði brotið sig í gegnum veginn. Ekki þótti þeim áreinnilegt að fara þar yfir og leiðin til baka í Múlann var heldur ekki fýsilegur kostur, því brúin yfir Kelduána dúaði undan gröfunni þegar þeir fóru norður yfir hana og líklegt að stöplarnir væru farnir að gefa sig, enda vatn farið að flæða upp á brúna.

Þeir leituðu því að vaði annars staðar. Ekki fundu þeir neinn stað sem þeir töldu færan fyrir gröfuna og tóku á það ráð að aka eftir Múlaveginum og yfir flóðið. Þegar þeir voru komnir tæplega hálfa leið sökk grafan skyndilega, og svo djúpt að stýrishjólið inni í húsinu fór á kaf í vatn. Straummegin nam vatnið fyrst við þakbrún á gröfuhúsinu, en hlémegin var um 60 sm borð. Þremmingarnir forðuðu sér út úr húsinu og upp á þak og gátu haldið sér í luktir sem voru undir þakbrúninni. Eftir nokkra stund kafaði Guðni aftur niður í húsið og sótti kaðal sem þar var og bundu þeir sig síðan fasta í luktirnar og sátu á þakinu með fæturna niður með húsinu. Þannig tókst þeim að skorða

sig fasta á vélinni, sem var á stöðugri hreyfingu í straumiðunni.

Flóðið var enn í örnum vexti, fullt af ís og krapa. Þarna máttu þeir dúsa í þrjár og hálfa klukkustund áður en björgun barst og með ólíkindum að þeir skyldu ekki allir krókna úr kulda, en vatnið hefur varla verið meira en 1°C. Guðni, sem á þessum árum stundaði talsvert að synda í sjó og köldum ám og vötnum, gerði tilraun til að synda í land með línu bundna um sig, en réði ekki við strauminn og þeir Eiríkur og Magnús drógu hann aftur að gröfunni.

## Þótt hún væri 100 tonn

Meðan á þessu stóð réðu menn ráðum sínum í landi. Skammt frá vinnubúðunum stóð stærsta jarðyta landsins, önnur af tveimur, International TD25 sem vegur um 50 tonn. En sá hængur var á að sá eini sem kunnir með hana að fara, Ármann Magnússon, hafði farið heim í Egilsstaði um hádegið, enda ekkert hægt að hafast að vegna veðurs. Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Vegagerðarinnar á Austurlandi, var kominn á staðinn og taldi að eina von þremminganna væri að komast til þeirra á ýtunni. Þetta var fyrir daga farsíma og á meðan reynt var að ná í Ármann tókst Einari Axelssyni, sem var vanur ýtumaður, að koma ýtunni í gang og aka henni yfir brúna



Hér má sjá afstöðumynd af sviðinu í Kelduárflóðinu 1980. Tekið skal fram að farvegur Hlíðarhúsakvísils hefur breyst síðan þá og grjótgardurinn sem jarýtan fór eftir er horfinn.

á Hlíðarhúsakvíslinni og út á Þjóðveginn í átt að afleggjaranum að Múlaveginum.

„Það vafðist fyrir mönnum að koma ýtunni í gang,“ segir Einar. „Mig minnir þó að það hafi bara þurft að slá inn straumrofanum og síðan ýtti ég á einhverja takka þar til hún hrökk í gang. Ég hafði aldrei unnið á þessu tæki, þetta var ógurleg skessa. Þórhallur var mikið í mun að drífa hana sem fyrst út á veg og hafa hana tilbúna þegar Ármann kæmi. Hlíðarhúsakvíslin var orðin að stjórfljóti og mér leist ekkert á að fara á þessu ferlíki yfir brúna, því hún var ekki gefin upp fyrir nema 8 tonn. Þórhallur sagði að það væri ekkert að marka, brúin myndi örugglega þola 100 tonn ef út í það væri farið. Ég gerði bara eins og mér var sagt og braut ekki nema einn brúarstöpul.“

## Eins og togað væri í mig

Klukkan hefur líklega verið orðin hálf sex þegar Ármann kom á staðinn. Þórhallur var tilbúinn við ýtuna. Ármann segir svo frá:

„Þetta var á föstudegi. Ég var búinn að vera með 25una inni í Fljótsdal um haustið, meðal annars í vinnu hjá Vegagerðinni. Það var ausandi slagveður um morguninn og við hættum um hádegið, ekkert hægt að gera hvort eð var. Ég fór heim í Egilsstaði, fékk mér að borða og fór síðan að vinna í húsinu sem við Erla vorum að byggja hér á Laugavöllum, var að setja upp í loftið í stofunni man ég. Ég fór síðan heim í kaffi um hálf fjögur leytið og fór svo aftur í Laugavellina.“



Ármann Magnússon

En það var svo skrítið að ég kom mér ekki að verki aftur,“ segir Ármann, sem er þekktur fyrir annað en verkvæða. „Þetta er ekki í eina skiptið sem mér finnst að eitthvað ósýnilegt hafi togað í mig. Mér leið allavega eitthvað einkennilega og ákvað að fara bara heim í kaffi aftur. Og það stóð heima að þegar ég kom inn úr dyrunum þá var síminn að hringja. Það var Brynjólfur Guttormsson, sem segir í miklum ákafa að ég verði að koma alveg



Massey Ferguson grafan er ennþá í eigu Magnúsar Jóhannssonar og stendur í blaðinu á Breiðavæði. Grafan þótti mikið tæki á sínum tíma. Mynd: Jens Einarsson

eins og skot inn í Fljótsdal, það séu þrír menn í sjálfheldu á þakinu á gröfunni hans Magnúsar úti í miðju flóði og það sé allt að fara á kaf.

Ég hentist út í bíl, átti Mercury Comet þá, og ók eins og ég komst inn eftir. Það var eins og Binni sagði, það var bókstaflega allt komið á flot. Dalbotninn var bókstaflega eitt haf frá fjalli til fjalls. Ég veit ekki nákvæmlega hvað klukkan var, sennilega orðin hálf sex, en það var orðið skuggsýnt og að auki rigning og rok. Ýtan var komin út á veg, á milli Hlíðarhúsakvíslar og Jökulsár. Þórhallur var kominn á staðinn og tilbúinn að fara með mér á ýtunni út í flauminn. Við sáum ekki gröfuna í myrkrinu, en ég var orðinn mjög kunnugur svæðinu og fékk lýsingu á því hvar þeir væru; á Múlaveginum á móts við grjótgard, sem var þvert á veginn, en hann er horfinn núna.“

## Þetta gerir þú ekki aftur!

„Ég mat það þannig að eina færa leiðin væri að fara sunnan megin við gröfuna, út í hólma sem er þarna og þaðan á grjótgardinn. En til að komast út í hólmann þurftum við að fara yfir ál sem hafði grafið sig úr Hlíðarhúsakvíslinni og vestur eftir aurunum þegar flóðið braust fram. Ég leitaði að færu vaði með því að þreifa eftir botni í álum með ýtutönninni, sem er um mannhæðarhá. Eftir nokkrar tilraunir fann ég stað sem ég taldi færan. Það var bratt ofan í álinn, en til að byrja með var dýpið ekki meira en svo að öllu virtist óhætt. En þegar við nálgumst hólmann dýpkaði állinn skyndilega og áður en við vissum af var beljandi straumvatnið komið upp á miðjar rúður á ýtuhúsinu og flæddi inn um allar rifur. Áður en við náðum að bakkanum stóð ekkert upp úr nema hálf tótt og ég heyrði ekkert í mótornum, vatnið dempaði vélarhljóðið svo mikið og svo var hávaðinn í veðrinu.“

Mér leist ekki á blikuna, hélt að hún væri að drepa á sér og þá



Bjargvætturinn International TD25. Það þótti mikið áreði þegar Gunnar & Kjartan keyptu jarðýtuna, sem var önnur af tveimur TD25 á landinu. Þetta voru stærstu og öflugustu jarðýtur landsins á þeim tíma. Mynd/Fjölskyldubúum

var útlitið ekki gott því flóðið var ennþá í vexti. En 25an var engin venjuleg vél, hún mallaði áfram og hafði sig upp úr. Okkur létti auðvitað mikið báðum, en ég man að þegar við vorum komnir upp á hólmann leit Þórhallur á mig með þrumu augnaráði og sagði: Þetta gerir þú ekki aftur Ármann!“

## Hnýttu tó úr strigapokum

„Grjótgardurinn var á kafi, en ég þekkti svæðið og fann hann fljótlega. Þegar við komum út á garðinn sáum við toppinn á „bakkóinu“ á gröfunni í ljósgeislanum frá ýtunni, það var það eina af henni sem stóð upp úr. Mennirnir höfðu bundið sig fasta

við þak gröfunnar og sátu í beljandi ísvatninu upp undir hendur. Það hafði grafið úr endanum á garðinum þannig að við komumst ekki nær þeim en sirka 20 metra. Ég þreifaði ofan í vatnið með ýtutönninni, en það var ekkert land undir, tjakkarnir fóru alveg í botn, þetta var hyldjúpt og vonlaust að fara nær.

En nú vandaðist málið því það var ekkert tó í ýtunni, það hafði gleymst í fátinu. Okkur til happs þá var ég með slatta af strigapokum frá Vegagerðinni í ýtunni. Verkfærakassinn var fullur af vatni og mér tókst ekki að finna hnif sem átti að vera þar. Við Þórhallur rifum pokana í ræmur í höndunum, bundum þær saman og bjuggum þannig til tó sem var nógu langt til að ná út í gröfuna og vel það. Ég helti helming úr frostlögsbrúsa sem var í ýtunni og hnytti á endann á tóinu. Þannig var hann nógu þungur til að kasta honum á ská í vindinn og strauminn, og nógu léttur til að fljóta á vatninu og að gröfunni.“

## Frækileg björgun

„Það tókst vel að koma spottanum til þeirra. Við Þórhallur skorðuðum okkur á ýtutönninni og drógum þá til okkar einn í einu. Eiríkur heitinn kom fyrstur. Hann var orðinn mjög þrekáður og sennilega sá sem var



Þórhallur Ólafsson

verst undir þetta volk búinn að því leyti að hann var ekki í neinum ullarfátnaði. Við komum honum upp á kjálkann sem liggur fram í tönnina og þaðan upp á beltið og inn í húsið. Það var hálf óhuggulegt að draga þá að, vegna þess að straumurinn kom skáhallt á okkur og þegar þeir fóru út af gröfuhúsinu köstuðust þeir til hliðar út í strauminn og fóru á bólakaf, að manni fannst alla vega. Magnús var næstur og það gekk líka vel að draga hann að.

Guðni var síðastur. Við köstuðum til hans tóinu. Vatnið var ennþá í vexti og mikill straumur. Þegar hann er um það bil að fara að binda utan um sig tóid skolar honum út af þakinu og út í strauminn. Hann hafði samt náð taki á tóinu, mig minnir að það hafi verið vafið um handlegginn einhvernveginn. Þegar við erum hálfnaðir að draga hann að ýtunni þá situr allt fast. Tóid, með brúsann á endanum, hafði flækst í luktunum á þakinu á gröfunni.

Þetta leit ekki vel út. En þá segir Þórhallur: Ég fer út í og sæki hann! Við vorum með nógu langan enda af tóinu hjá okkur og bundum hann utan um Þórhall. Hann fékk hnif hjá Eiríki, setti hann í kjaftinn, henti sér út í strauminn og rakti sig eftir tóinu að Guðna. Þegar hann ætlaði að skera á tóid fyrir aftan hann vildi ekki betur til en að hann missti hnifinn sem hvarf á augabragði í beljandi vatnið.

Sennilega hefur Guðni verið kominn með kuldakrampa, því Þórhalli tókst ekki að losa tak hans á tóinu, þótt hann reyndi af öllum lífs og sálar kröftum. Hann rakti sig því til baka og sagðist þurfa annan hnif. Ég fór inn í ýtuhúsið og nú fann ég hnifinn, blessunarlega, hann var á sínum stað eins og ég þóttist vita. Við bundum hann um hálsinn á Þórhalli svo hann myndi ekki missa hann og aftur lét hann sig vaða út í strauminn. Hann rakti sig eftir tóinu og tókst nú að skera á það.

Það var þungur dráttur að draga þá báða að ýtunni, en það hafðist. Það var eðlilega mjög af Guðna dregið. Hann svaraði okkur ekki í nokkra stund og ekki tókst okkur að losa tak hans á tóinu. En eftir að við vorum allir komnir í húsið á ýtunni var hann ótrúlega fljótur að hressast, enda mikið hraustmenni.“

## Vaskleikamenn

„Það er alveg ljóst að Þórhallur vann þarna mikla hetjudag og eftir þetta hef ég aldrei litid á hann sem skrifstofumann,“ segir Ármann og brosir. „Að fara tvisvar út í beljandi ísvatn í svarta myrkrí er meira en að segja það, nóg var nú samt — að mara í hálfu kafi á tönninni allan þennan tíma.“

Þegar þetta atvik var rifjað upp með Þórhalli sagði hann: „Ég hef



*Kelduárbrúin eftir flóðið. Steypa þurfti nýja stöpla undir brúna, sem sópuðust burt í flóðinu. Vegurinn beggja vegna brúarinnar grófst einnig í sundur. Það er nokkur kaldþæðni að sjá Kelduána renna sakleysislega í „Lekjarfarveg“ milli tveggja brúarstöpla og erfitt að ímynda sér að hún eigi það til að flæða yfir þessa brú. Mynd: Vegagerðin*

aldrei þurft að beita mig jafnhörðu eins og þegar ég fór út í aftur. Ég þurfti að nota allan þann viljastyrk sem ég átti til. Eftir þennan atburð lít ég á Guðna og Magnús sem sérstaka vini mína. Og það get ég sagt að í þessu ferðalagi hefði ég ekki viljað hafa neinn annan en Ármann með mér, sem af áráðni og útsjónarsemi kom okkur á áfangastað þannig að við gátum klárað verkið og komið félögum okkar í ýtuna.“

## Sungum okkur til hita

Þótt þremmenningarnir væru komnir í ýtuna var aðeins hálfur sigur unninn. Flóðið hafði enn vaxið og Þórhallur þvörtok fyrir að farin yrði sama leið til baka. Ármann heldur áfram sögunni:

„Ég bakkaði ýtunni dálítinn spöl inn á grjótgardinn og þar biðum við í von um að flóðið sjatnaði. Það var kalt í ýtuhúsinu. Ég setti miðstöðina í gang, en það breytti ekki miklu, því mótörinn á ýtunni var á kafi í krapavatninu og gekk kaldur. Við höldum á okkur hita með því að syngja og banka hver í annan. Ég var í lopapeysu og lét Eirík hafa hana, hann var bara á skyrtunni eða þunnri peysu, að mig minnir.

Eftir um það bil tvær klukkustundir hafði flóðið sjatnað talsvert og við ákváðum að fara sömu leið í land og við komum. Á leiðinni tókum við þrjá farþega í viðbót upp í ýtuna, en það voru björgunarsveitarmenn frá Reyðarfirði sem höfðu komið með litinn plastbát með utanborðsmótor til að freista þess að komast siglandi að mönnum. En hann réði ekki við strauminn og það endaði með því að mótörinn drap á sér og þeir strönduðu á eyri í hólmanum. Við tókum mennina upp í ýtuna og bátinn í tog.

Þegar við komum út í miðjan álinn, sem var ennþá býsna vatnsmikill, stoppaði jarðýtan skyndilega og mér leist ekki á blikuna. En fljótlega



*Þessi mynd frá var tekin í flóðinu í september 2017. Vegir og girðingar innst í Fljótsdal fóru þá á kaf. Mynd: Landsbjörg.*

áttaði ég mig á hvað hafði gerst. Einn björgunarsveitarmadurinn hafði rekið sig í „power“ stöngina og kúplað frá. Þegar búið var að slá henni inn aftur flutti 25an okkur á þurrt land heilu og höldnu. Ég kom ýtunni á sinn stað og fór síðan heim.

Við mættum allir í vinnuna daginn eftir, nema Eiríkur, sem varð verst úti í volkinu og var nokkra daga að jafna sig. Þá var flóðið sjatnað og grafan stóð á þurru. Við athuguðum bæði hráolíu og smurolíu á ýtunni og hún hafði ekki tekið inn á sig dropa af vatni,“ segir Ármann, sem hugsar greinilega hlylega til þessarar gömlu vinkonu.

## Andskotinn vildi okkur ekki

Það er með ólíkindum að þremmenningarnir skyldu ekki ofkælast og hreinlega krókna. Sjórinn við strendur landsins er 4–15°C að sumri til og mörg dæmi eru um að fólk ofkælist við þær aðstæður, og það á mun skemmri tíma en þeir félagar voru í ísvatninu. Ofkæling verður þegar líkamshiti fólks er kominn niður í 31°C og í framhaldi af því fylgir krampi og meðvitundarleysi.

Sem betur fer endaði svaðilför þremmenninganna vel og rétt að ljúka þessari upprifjun á léttum nótum. Þegar sagan var rifjuð upp með Magnúsi Jóhannssyni og hann spurður hvort hann ætti ekki með réttu að vera dauður, svaraði hann:

„Jú, líklega er það. Við Guðni vorum að visu ungrir og vel á okkur komnir, sem hefur hjálpað okkur. Eiríkur heitinn var dálítill eldri og þetta tók meira á hann. Við vorum ekkert sérlega vel klæddir, enda hlýtt um morguninn þegar við fórum af stað í vinnu. Ég man að ég var í lopapeysu en ekki í síðbrók. En auðvitað var þetta kalt og sennilega hefðum við ekki haft það af mikið lengur. Hrafn Sveinbjarnarson á Hallormsstað, sem var þekktur fyrir tilsvör sín og hnyttar athugasemdir, sagði einhverntíma við mig að eina ástæðan fyrir því að við værum ekki dauðir væri sú að andskotinn hefði ekki viljað fá okkur niður til sín með allt þetta vatn.“

Með þessum orðum sláum við botninn í þessa upprifjun, sem minnr okkur á að náttúruöflin eru ekkert lamb að leika sér við. Þau geta komið okkur að óvörum hvenær sem er.

*Jens Einarsson*